

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Kálfholt L1.b, L208177, skipting lóðar í 6 búgarða.

Í deiliskipulaginu felst skilgreining sex búgarða skika sem eru hver um sig 10-13 ha að stærð. Á hverjum skika er heimilt að byggja einbýlishús á 1-2 hæðum ásamt bílskúr og aukahúsi, allt að 500 fm. Auk þess sem heimilt er að byggja útihús, hesthús, skemmu, reiðhöll og slíkt, allt að 800 fm. Hámarksnýtingarhlutfall er skilgreint 0,015.

Samþykkt í hreppsnefnd Ásahrepps 22. janúar 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. febrúar 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 3. mars 2025